

# Almannaþing á Íslandi

Möguleikar Rafræns beins lýðræðis  
í núverandi kerfi og í framtíðinni

# Yfirlit

- Hver er ég?
- Áhrifamáttur kjósenda með núverandi fyrirkomulagi
- Tískufyrirbærið “Beint lýðræði”
- Þjóðaratvæði eða beint lýðræði?
- Hvað þyrfti til?
- Beint lýðræði innan núverandi kerfis
- Lög frá þjóðinni
- Kostir við rafrænt beint lýðræði

# Daði Ingólfsson

- BA í bókmenntafræðum
- MSc. í tölvunarfræði frá IT-U í Kaupmannahöfn
- Starfað ma. hjá IBM í Danmörku
- Starfa nú hjá Primera Travel Group
- Er CIO
  - Chief Information Officer
  - Career Is Over 😊

# Áhrifamáttur kjósenda með núverandi fyrirkomulagi (útskýrt með vafasamri stærðfræði)

Kjósendur fá að leggja til atkvæði sitt einu sinni á fjögurra ára fresti, nema eitthvað alvarlegt komi upp á

Kjósendur geta kosið fyrirfram skilgreindan lista frambjóðenda

Kjörsókn er í kringum 85%

- 60% atvæða eru virk – þ.e. “í stjórn” (51%)
- 30% kosningaloforða detta út við stjórnarmyndun (35%)
- 50% þeirra loforða detta út vegna “breyttra forsenda” (17,5%)
- 50% af afgangnum er ekki framkvæmanlegt vegna tímaskorts (8,75%)
- 20% af því voru mál sem viðkomandi kjósandi studdi alls ekki...  
en voru með í pakkanum (7%)
- 30% mála koma fyrst á borð þjóðarinnar og þingsins eftir kosningar, gefum okkur að kjósandi sé samþykktur 50% prósent þeirra (6%)

Niðurstaða þessarar vafasömu stærðfræði er að **6% af vonum þínum og óskum koma til framkvæmda á Alþingi.**


# Tískufyrirbærið “Beint lýðræði”

## Stjórnámálamenn virðast hafa áhuga:

- **Jón Sigurðsson:** “löggjafarþing og þingræði [gæti dafnað] vel með sterku beinu lýðræði.”
- **Styrmir Gunnarsson:** “Sjálfstæðisflokkurinn á að mínu mati að taka forystu um að ákvæði um beint lýðræði verði tekið upp í stjórnarskrá”
- **Þingsályktunartillögur** um “milliliðalaust lýðræði” bornar fram af ma. Björgvin G. Sigurðssyni, Össuri Skarphéðinssyni, Margréti Frímansdóttur og Katrínu Júlíusdóttur.
- “Beint og milliliðalaust lýðræði er sameiginlegt stefnumál frambjóðenda Lýðræðishreyfingarinnar” (úr stefnuskrá **Lýðræðishreyfingarinnar**)

**En hafa þeir raunverulega áhuga þegar völdin eru í höfn?**

# Þjóðaratvæði eða beint lýðræði



- Rafrænar kosningar eru í öllu falli til sparnaðar og gætu leitt til aukinnar þátttöku þegna í lýðræðinu
- Þjóðaratkvæðagreiðslur eru **viðburðir** í núverandi fyrirkomulagi
  - Ákveða þarf hlutfall undirskrifa / atkvæða á þingi til að framkvæmd sé þjóðaratkvæðagreiðsla
- Beint lýðræði eins og við hugsum það veitir stjórnámálamönnum stöðugt aðhald og vera rödd almennings inni á þingi:
  - Með stöðugum þjóðaratkvæðagreiðslum **eða**
  - Með beinni þátttöku almennings inni á Alþingi

Er það hægt?

# Þrjár af mögulegum leiðum

1. Stöðugar þjóðaratkvæðagreiðslur : 1-50% undirskriftir
2. Föst tala atkvæða á Alþingi sem félli í samfæmi við einhvers konar þjóðarpúls – ólíklegt að það gerist í núverandi fyrirkomulagi flokkalýðræðis
3. Sérstakur “flokkur” sem byði fram undir merkjum beins lýðræðis og notaði atkvæði sín eftir stöðugum rafrænum kosningum – þetta er leiðin sem okkur hugnast best

# Spóla til baka - Hvað þyrfti til?

Til að ná manni inn á þing þyrfti fullan lista í að minnsta kosti einu kjördæmi, en helst öllum vegna fjölmiðla, sem þýddi samtals :

- 300 undirskriftir að lágmarki fyrir listabókstaf
- 126 frambjóðendur (20-22 fyrir eitt kjördæmi)
- $63 \times 30 = 1890$  undirskriftir fyrir framboðslista að lágmarki (330 fyrir eitt kjördæmi)
- Samtals 2190 undirskriftir (630 fyrir eitt kjördæmi)
- Hjálp til nýrra framboða =  $\emptyset$

**En hvernig mundi þetta svo virka innan núverandi kerfis ef þingflokkur um beint lýðræði kæmi manni að þrátt fyrir allt?**



# Beint lýðræði innan núverandi kerfis

Fjórskipt hlutverk umboðsmanna:

1. Talsmaður beins lýðræðis í fjölmiðlum og á þingi
2. Greiða atkvæði eins og netkosningar segja fyrir um
3. Leggja fram ný frumvörp, breytingatillögur og þingsályktunartillögur sem eru búin til á opnum vettvangi
4. Nefndarstörf (meira á næstu síðu)


# Nefndarstörf

- **Opnir nefndarfundir** (td. með vefmyndavél, streymi) – þingmaður málpípa allra
- **Lokaðir nefndarfundir** – þingmaður fer með mál frá netforum og gefur nákvæma skýrslu eða hljóðskrá frá fundinum á forumið strax á eftir
- **Nefndir sem eru bundnar trúnaði** – þingmaður hefur sér til trausts og halds lýðræðislega kosna nefnd sérfræðinga sem sverja einnig trúnað.

# Ný mál – ferlar og hugmyndafræði

Hvernig gætu ný mál komið frá hverjum sem er? – Skilgreindir vinnuferlar

1. Hugmynd er sett fram á netinu
2. Notendur bæta við og laga, draga fram rök með og á móti og leggja fram gögn máli sínu til stuðnings
3. Þegar ákveðnum fjölda áhugasamra er náð og vilji er til að halda áfram, fer verkefnið á næsta stig sem gæti verið formlegra og unnið í ákveðnum tímaramma.
4. Hugmyndir eru lagðar fyrir dóm notenda
5. Ef hugmyndin, sem nú er orðin fullmótuð, fær brautargengi væri formlegur farvegur til að gera hana “löghæfa” ef hún væri það ekki þá þegar.
6. Málið er lagt fyrir alþingi



# Kostir við rafrænt beint lýðræði

- **Tímasparandi** – Skilvirk aðferð til að virkja skoðanir og sérfræðipækkingu almennings.
- **Ódýrt**– vilji þjóðarinnar er fenginn rafrænt, án mikils kostnaðar við “þjóðaratkvæðagreiðslur”
- **Hraðvirkt** – með einföldum, skilvirkum rafrænum ferlum má komast að niðurstöðu í flóknum málum hratt og örugglega
- **Fyrir alla** - Eldri borgarar, fatlaðir og aðrir sem eiga erfitt með að komast á kjörstaði geta tekið þátt, og ekki bara einu sinni á fjögurra ára fresti, heldur alltaf, alls staðar í öllum málum
- **Óeðlileg áhrif á atkvæði** – Mútur og hótanir eru mun ófýsilegri í rafrænu beinu lýðræði – munurinn er að þurfa að múta 32 þingmönnum sem sýna atkvæði sín opinberlega eða 100.000 þegnum með óopinber atkvæði.

**Spurningum um beint lýðræði er oft best svarað með “hvernig er fyrirkomulagið í dag?”**